

4. stjórnarfundur

FORMA 2013 – 2014

Dags. 5/12 2013

Tími: kl. 16.30.

Staður: Kennarastofa

Mætt: Eydís Valgarðsdóttir, Eyrún Skúladóttir, Harpa Hjarðar, Helena Sigurðardóttir, Marías Kristjánsson, Þuríður Árnadóttir.

Gestur fundarins er Heimir Jóhannsson formaður samtakanna SAMTAKA.

1. Heimir kynnir samtökin SAMTAKA og segir frá hugmyndum sínum um samvinnu við FORMA. SAMTAKA er sameiginlegt félag foreldrafélaganna á Akureyri og í Hrísey og vinnur að forvörnum. Heimir segir frá verkefnum sem SAMTAKA hefur komið að og stendur fyrir. Eru með heimasíðu og á feisbók. Samtaka vill standa fyrir fræðslu, málþingum og fleiru á skipulagðan hátt og virkja foreldrana. Hann talar um miðbæjarrölt, hverfisrölt og nágrannavörslu. Þeir vilja fá foreldrafélög MA og VMA til samstarfs. Fyrirhugað er að breyta nafni félagsins í Samtök foreldrafélaganna á Akureyri. Það gefur rými til að taka framhaldsskólana inn í samtökin. Fundir eru alltaf 1. þriðjudag í mánuði. Eftir að Heimir fór af fundi var rætt um málefnið. Sitt sýndist hverjum en þegar á heildina er litið er ekki annað hægt en að sýna svo mikilvægu máli áhuga. Ekki var þó mikill áhugi á miðbæjar/hverfisrölti og jafnvel álitnið að lítil þörf væri á slíku. Ákveðið var að senda fulltrúa FORMA á fundi SAMTAKA á næstu önn til reynslu og ætlar Eydís að fara á fyrsta fundinn sem verður 7.janúar.
2. Nú líður senn að því að samkomulag það sem FORMA gerði við Nemendafélagið og busaráð s.l. vor taki enda. Ákveðið var að senda foreldrum barna undir 18 ára bréf/tölvupóst strax á nýju ári og minna á ábyrgð okkar gagnvart þeim.
3. Sigga Dögg. Ekki er á dagskrá að hún sé að koma norður. Athuga með að fá Verkmenntaskólann með okkur vegna kostnaðar og ætlar Helena að hafa samband við formann foreldrafélagsins í VMA vegna þess.

Stefnt er að næsta fundi 9.janúar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 18.00

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.